


Útlitshönnuðir prentgagna Einstakt tækifæri!

Eins dags námstefna með Jan V. White, einum eftirsóttasta fyrirlesara um hönnun prentgagna í heiminum í dag.

White hefur skrifað fjölda bóka, haldið yfir 900 fyrirlestra og námstefnur um efnið, og unnið að útgáfumálum fyrir mörg stærstu og virtustu fyrirtæki heims.



Námstefnan verður haldin að Holiday Inn, föstudaginn 3. september kl. 09:00-17:00. Vönduðum námsgögnum eftir White, í íslenski þýðingu, verður dreift á staðnum.

Nánari upplýsingar og skráning þátttöku í sínum 91-687000 og 91-680740.

Þátttökugjald er kr. 12.000.

Iðntæknistofnun



Prenttæknistofnun

Efírmennntun í útgáfu og prentiðnaði



Verk Louisu á Kjarvalsstöðum


YFIRLITSSÝNING á verkum Louisu Matthíasdóttur var opnuð á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag. Mikíð fjölmenni var við opnunina og stöldrúðu gestir lengi við og nutu þess að virða fyrir sér ævistarf listakonunnar. Meðal gesta voru borgarstjórinn í Reykjavík, Markús Örn Antonsson og frú Steinunn Ármannsdóttir, eiginkona hans og skólustjóri Álftamýrarskóla. Með þeim á myndinni eru auk þess Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, og Úlla, dótturdóttir Louisu.

Janet Passehl sýnir í Ganginum

Í GANGINUM, Rekagranda 8, stendur nú yfir sýning á verkum eftir Janet Passehl. Janet er fædd í Massachusetts í Bandaríkjunum, en stundaði myndlistarnám í New Britain, Connecticut þar sem hún býr nú. Hún hefur aðallega sýnt verk sýn í Connecticut-fylki, en einig í New York borg.

Efniviðinn og fyrirmyndir í verk sín sækir hún í nánasta umhverfi sitt, heimili, nærliggjandi umhverfi og á gönguferðum um bæinn, en þetta blandast síðan eða tengist bernskutilfinningum og æskuminningum.

Verk Janet má telja kyrrlát og nán, þ.e. sterk persónuleg tengsl, andleg og efnisleg, milli hennar og verkanna, enda höfða milliðalausar vinnuáferðir helst til hennar. Einnig telur hún teikninguna sem slíka, sem hún lagði sterka áherslu á í skóla, grunninn undir það sem hún er að fást við í dag. Janet vinnur með alls kyns efni,



Eitt af verkunum á sýningunni.

svo sem við, tau, tituprjóna, pappír, veggfóður, gluggatjöld og einnig ljósmyndir sem hún tengir gjarnan við einhver efni eða skúlptúra. Myndefni ljósmyndanna eru gjarnan af óljósum smáhlutum, náttúrulegum efnum, gróðri, mold og slíku og svo af henni sjálfri í ákveðnum stellingum eða að framkvæma einhverja athöfn - angi af „body-art“ eða gerningi.

(Fréttatilkynning)

Myrkrið djúpa

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Ein er sú tegund málmgrafíklistar, sem sá er hér ritar er hvað hrifnastur af fyrir sérstæða og hreina tækni.

Er hér um að ræða þann geira er nefndur er „mezzotinta“, sem gæti útlagst skrapæting, vegna þess að tæknin byggist svo mikíð á að skrapa málmplötuna kruss og þvers. Við vinnslu plötunnar er auk þess bæði notast við skrap-tæknina eingöngu svo og sýrubrennslu. Flöturinn er ýfður og síðan eru fletir sem eiga að vera ljósir og sléttadír. Annars er orðrétt þýðing nafnsins hálfónæting.

Þessi alveg sérstaka aðferð er frekar sjaldgæf nú á dögum, en listamenn ýmissa þjóða og þá einkum Pólverjar hafa endurreist hana sem nútímalegan tjámiðil á síðustu áratugum. Einnig hafa nafnkendir listamenn annarra þjóða hafið hana til vegs eins og Ameríkumaðurinn Cuch Close og Japaninn Yojo Hamaguchi.

Tæknin er fyrst og fremst heillandi fyrir þá sök hve skuggarnir eru tandurhreinir og djúpir, myrkrið algjört og flauelismjúkt. Þá er hún svo sérstök að menn geta verið í lengri tíma við nám á grafík-verkstæðum án þess að hún sé kennd nema fyrir sérstaka

beiðni nemandans, sem uppgötvar þá kannski, að kennarinn er hér ekki vel heima. En það kom einmitt fyrir mig á sínum tíma. Svo eru hinar ýmsu tengundir agavatintu, sem er ætítækni, þar sem fletir en ekki línur eru ættir með sýru, mun vinsælli vegna þess að hún er margfalt auðveldari viðfangs.

Eins og átti sér stað með steinþrykkið var það áhugamaður, Ludwig von Siegen að nafni (1609-1680), sem fann upp tæknina árið 1942 og birtist hún fyrst í mynd hans af landsgreifynjunni Amalú Elisabeth Gonzaga af Hessen. Tæknin var mikíð notuð við gerð andlitsmynda (portrett) og endurgerð málverka og hlaut sérstaka útbreiðslu í Englandi á 18. öld enda var hún ósjaldan nefnd „enska aðferðin“.

Þessar línur eru annars settar á blað vegna þess, að um þessar mundir sýna tveir pólskir listamenn mezzótintur í listhúsinu Úmbru, þeir Lezek Golinski (f. 1962) og Maciej Deja (f. 1960). Báðir stunduðu þeir nám við fagur-listaskólann í Varsjá og útskrifuðust sama árið (1987) og þannig um skólafélaga að ræða.

Ef menn vissu ekki betur gætu þeir haldið að um sama listamanninn væri að ræða, en ástæðan er vafalítið að þeir hafa lært tæknina hjá sama kennara.

Er hér um mjög litlar myndir

SPARIÐ ÞÚSUNDIR KRÓNA. ÖLL GÓLFEFNI Á EINUM STAÐ.
DÚKAR — FLÍSAR — PARKET — TEPPI — MOTTUR — AFGANGAR. TAKIÐ MÁLIN MED.

gólfefna-
15-70%
útsala

teppa-
20-50%
útsala

mottu-
15-50%
útsala

Á GÓLFIÐ
15-70%
ÚTSALA

parket-
12-20%
útsala

dúka-
20-30%
útsala

flísa-
15-30%
útsala

AFGANGAR MED ALLT
AÐ 70% AFSLÆTTI

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18
OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 10-16

11. mán. kredit

18 mán. raðgreiðslur

TEPPABÚÐIN

SUÐURLANDSBRAUT 26 • SÍMAR 681950 - 814850